



Gróður og fuglar ofan Urðargötu, Hóla og Mýrar á Patreksfirði

Unnið fyrir VSÓ ráðgjöf

Hafdís Sturlaugsdóttir

NV nr. 25-17
September 2017

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning mán/ár: September 2017
		Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV nr. 25-17	Verknúmer: 493	
Heiti skýrslu: Gróður og fuglar ofan Urðargötu, Mýra og Hóla á Patreksfirði	Blaðsíður: 11	
	Fjöldi viðauka: 0	
	Upplag: 15	
Höfundur: Hafdís Sturlaugsdóttir	Fjöldi korta:	
Unnið fyrir: VSÓ ráðgjöf	Gerð skýrslu/Verkstig: Lokastig	
Verkefnisstjóri: Hulda Birna Albertsdóttir	Samstarfsaðilar:	
<h2>ÚTDRÁTTUR</h2> <p>Gerð var athugun á gróðurfari og fuglalífi ofan byggðar við Urðargötu, Hóla og Mýrar á Patreksfirði vegna fyrirhugaða varnargarða á því svæði. Rannsóknarsvæðið er staðsett ofan byggðarinnar, frá varnargarði ofan Patreksskóla og að gatnamótum Mýrar og Þórsgötu.</p> <p>Algengasta gróðurlendið var blómlendi, þar sem ljónslappi var mest áberandi. Skógrækt er nokkur á svæðinu og einnig graslendi.</p> <p>Alls fundust 68 villtar íslenskar tegundir háplantna á svæðinu. Flestar eru plönturnar, sem fundust eru algengar á þessu landsvæði og flestar á landsvísu.</p> <p>Alls sáust fimm tegundir fugla á rannsóknarsvæðinu. Algengastur var skógarþröstur sem var að mestu í skógræktinni, þúfutittlingur sem var í skógræktinni og einnig í blómlendinu og hrossagaukur sem einnig var á báðum stöðum. Steindepill var í skriðu ofarlega á svæðinu og hrafn sást á flugi yfir svæðinu.</p> <p>Framkvæmdin mun hafa áhrif á gróður á rannsóknarsvæðinu þar sem gert er ráð fyrir að meginhluta svæðisins verði raskað. Áhrif á fugla verða væntanlega tímabundin eða þar til gróður hefur náð sér á strik aftur á svæðinu.</p>		
Lykilorð íslensk: Gróður, fuglar, rannsóknir, Patreksfjörður, ofanflóðavarnir, framkvæmdir		Lykilorð ensk: Vegetation, bird, research, Patreksfjörður, snow avalanches, constructions
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirfarið af: Hulda Birna Albertsdóttir

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR.....	2
INNGANGUR.....	4
STAÐHÆTTIR.....	4
AÐFERÐIR.....	4
Gróður.....	4
Fuglar.....	4
NIÐURSTÖÐUR.....	5
Gróður.....	5
Fuglar.....	8
UMRÆÐUR.....	9
Gróður.....	9
Fuglar.....	9
ÁHRIF FRAMKVÆMDA.....	10
Gróður.....	10
Fuglar.....	10
GRÓÐURKORT.....	11
HEMILDASKRÁ.....	12

INNGANGUR

Gerð var athugun á gróðurfari og fuglalífi ofan byggðar við Urðargötu, Hóla og Mýrar á Patreksfirði vegna fyrirhugaða varnargarða á því svæði. Rannsóknarsvæðið er staðsett ofan byggðarinnar, frá varnargarði ofan Patreksskóla og að gatnamótum Mýrar og Þórsstötu (mynd 1).

Gróðurkort af svæðinu eru ekki til. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands var kannað, en ekki reyndist unnt að nýta nema við undirbúning vettvangsferðar.

Í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar Íslands eru til plöntulistar yfir háplöntur í 10x10 km (100 km²) reitum frá þessu svæði en framkvæmdasvæðið er 0,135 km². Framkvæmdasvæðið er í reit 2742 en í þeim reit hafa fundist 191 tegundir háplantna. Plöntulistarnir voru athugaðir fyrir vettvangsferð til að kanna hvort í reitunum væru plöntur á valista háplanta á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996).

Athugun á fuglum hefur áður farið fram vegna framkvæmda ofan Sigtúns og Hjalla (Eva Dögg Jóhannesdóttir og Böðvar Þórisson 2015). Fuglar á þessu svæði höfðu ekki verið kannaðir áður, svo vitað sé.

STAÐHÆTTIR

Rannsóknarsvæðið er vestast í þéttbýli Patreksfjarðar ofan byggðar fyrir ofan göturnar, Urðargötu, Mýrar og Hóla. Svæðið nær niður að Mýrum og Urðargötu fyrir miðju svæðisins. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er í 20 – 110 m hæð yfir sjó og er 13,5 ha að stærð.

AÐFERÐIR

Gróður

Athugað var hvort hægt væri að nota vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Það kort er í mælikvarðanum 1:25.000. Sú upplausn er ekki nógu nákvæm til að vinna með á svo litlu svæði sem hér um ræðir. Gróður var kortlagður á vettvangi þann 20. júlí 2017. Við gróðurskoðun var gengið um svæðið og skráðar plöntutegundir sem fundust. Gróður var flokkaður í gróðurlendi með sjónmati og þekja skráð. Teiknað og skráð var inn á loftmyndir af svæðinu.

Gróðurlendin voru teiknuð í tölvu á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Loftmyndirnar voru teknar úr 3000 m hæð 2011.

Fuglar

Athugun var gerð á fuglum á svæðinu 20. júlí 2017. Gengið var um svæðið og fuglar skráðir sem sáust og heyrðist í.

Lagt var mat á hvort varpfuglar væru á svæðinu út frá atferli t.d. syngjandi karlfugl, spörfugl með æti o.s.frv. Atferli fugla var skráð og varpstig þeirra metið á skalanum 1-3:

1= staðfest varp ef fundið var hreiður með eggjum/ungum, séður spörfugl með æti o.fl.

2= líklegt varp, t.d. ef fugl heyrðist syngja.

3= hugsanlegt varp.



Mynd 1. Séð í vestur eftir framkvæmdarsvæðinu.

NIÐURSTÖÐUR

Gróður

Rannsóknarsvæðið er í hlíð ofan Patreksfjarðar. Skógrækt er nokkur á svæðinu og er skógræktarsvæði um 3,1 ha eða um 23% af svæðinu. Ljónslappi var mjög áberandi planta ýmist með smárunnum eða grösum (mynd 2).

Tafla 1 sýnir skiptingu svæðisins í gróðurlendi en gróðurkort af svæðinu er á bls. 11.

Tafla 1. Skipting svæðisins í Gróðurlendi.

Lykill	Gróðurlendi	Stærð í ha	Hlutfall
A4	Mosi með smárunnum	1,3	10%
B6	Holtasóley, krækilyng og víðir	0,2	1%
H1	Grös	2,4	18%
H3	Grös með smárunnum	0,2	2%
H7	Grös með elftingu	0,0	0%
L2	Lágvaxnar blómjurtir	3,7	27%
L3	Alaskalúpína	0,3	2%
R6	Skógrækt	3,1	23%
me	Melur	0,2	1%
by	Byggð	0,5	4%
sk	Skriður	1,7	12%
Samtals		13,5	100%



Mynd 2. Ljónslappi ofan slóða á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

Alls fundust 68 villtar íslenskar tegundir háplantna á svæðinu. Flestar eru plönturnar, sem fundust eru algengar á þessu landsvæði og flestar á landsvísu. Engin planta á valista fannst á svæðinu. Auk íslensku plantanna fundust innfluttar tjáplöntur s.s. alaskavíðir, alaskaösp, elri, sitkagreni, síberíulerki, stafafura og viðja. Listi yfir íslenskar háplöntur sem fundust í gróðurskoðun má sjá í töflu 2.

Tafla 2. Listi yfir íslenskar blómplöntur sem fundust við gróðurskoðun. Íslensk nöfn eru samkvæmt íslensku plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson, 2010).

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>
Baldursbrá	<i>Tripleurospermum maritimum</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus subborealis</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>
Fjöllaufungur	<i>Athyrium filix-femina</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Garðamaríustakkur	<i>Alchemilla mollis</i>
Geldingarhnappur	<i>Armeria maritima</i>
Gleym-mér-ey	<i>Myosotis arvensis</i>
Glæsifífill	<i>Hieracium elegantiforme</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grávorbíóm	<i>Draba incana</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hjartaarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Húsapuntur	<i>Elytrigia repens</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Íslandsfífill	<i>Pilosella islandica</i>
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Knjálíðagras	<i>Alopecurus geniculatus</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Melablóm	<i>Arabidopsis petraea</i>
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Reynir	<i>Sorbus aucuparia</i>
Roðafífill	<i>Pilosella aurantiaca</i>
Sigurskúfur	<i>Chamerion angustifolium</i>
Skarifífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia cespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum acromaurum</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallefting	<i>Equisetum pratense</i>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>

Fuglar

Alls sáust fimm tegundir fugla á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), skógarpröstur (*Turdus iliacus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*) og steindepill (*Oenanthe oenanthe*) eru líklegir varpfuglar á svæðinu. Þessar tegundir sáust ýmist syngjandi eða með æti á svæðinu. Hrafn (*Corvus corax*) sást á flugi yfir svæðinu við athugun.

Algengasti fuglinn var skógarpröstur en hann var aðallega í ræktaða skóginum. Bæði sáust ungar og eldri fuglar, svo greinilegt var að skógarpröstur verpir á svæðinu og hefur komið upp ungum þar.

Þúfutittlingur var einnig algengur en hann sást bæði í skógræktinni og einnig í blómlendinu og líklegt að hann verpi í báðum búsvæðum.

Hrossagaukar sáust á svæðinu. Hugsanlegt er að einhverjir verpi á svæðinu og þá aðallega í skóglendinu enda var ekki mikið votlendi á rannsóknarsvæðinu nema meðfram lækjum, en votlendi er kjörlendi hrossagauks.

Steindepill sást með æti í skriðum ofan gróðurlendis utarlega á svæðinu.

UMRÆÐUR

Gróður

Gróðurfur á rannsóknarsvæðinu er nokkuð frábrugðið rannsóknarsvæðum innar í bænum ofan byggðar á Sigtúnssvæðinu (Hafdís Sturlaugsdóttir, 2015) og ofan byggðar á Bíldudal (Hafdís Sturlaugsdóttir, 2014). Blómlendi var algengasta gróðurlendið en á hinum svæðunum var mosagróður algengastur. Í blómlendinu var ljónslappi ráðandi planta eins og sjá má á mynd 2. Gróðurþekja var skert á mörgum stöðum sérstaklega ofarlega á rannsóknarsvæðinu. Skógrækt er á rúmlega 3 ha og graslendi á 2,4 ha á þeim svæðum var gróðurþekja svo til heil. Votlendi var ekki teljandi á svæðinu. Meðfram lækjum var deiglendi en það var of lítið til að taka það út sérstaklega. Nokkuð rask var á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og eru tveir jarðvegsgarðar ofan Urðargötu næst Hólum. Í þeim gördum er lúpína að breiða úr sér.

Fuglar

Skógarpröstur, þúfutittlingur og steindepill verpa á svæðinu. Hrossagaukur er hugsanlegur varpfugl á þessu svæði. Miðað við búsvæðin voru þeir fuglar sem sást eða heyrðist í allt fuglar sem búast mátti við. Svæðið hentar vel fyrir auðnutittling en hann sást ekki við athugun. Í athugun sem gerð var 2015 (Eva Dögg Jóhannesdóttir og Böðvar Þórisson, 2015) sást sömu tegundir og auk þess heiðlóa og hrafn sem verpti á því svæði. Hrafn sást á yfirflugi á svæðinu. Ekki er líklegt að hann verpi á rannsóknarsvæðinu, en augljósir varpstaðir fyrir hrafn eru ekki á svæðinu.

ÁHRIF FRAMKVÆMDA

Gróður


Framkvæmdin mun hafa áhrif á gróður á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði þar sem hann fer undir varnargarða eða verður að víkja vegna skeringa (VSÓ Ráðgjöf, 2017). Hugsanlega verður hægt að færa eitthvað af trjágróðri en flest trén eru orðin of stór til að þola flutning þar sem jarðvegur á svæðinu er ekki mikill og skógræktin er að mestu í skriðurunninni urð (sjá mynd 3).



Mynd 3. Reynitré á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

Fuglar

Framkvæmdin hefur tímabundið áhrif á skógarþröst og þúfutittling og hugsanlega hrossagauk. Þegar gróður hefur tekið við sér aftur eftir að framkvæmdum lýkur þá ætti að skapast búsvæði fyrir þessar tegundir aftur. Einnig gæti framkvæmdin haft áhrif á steindepil á meðan framkvæmdum stendur. Hrafn er á valista en þar sem hann er ekki varpflugl á svæðinu ætti framkvæmdir ekki að hafa áhrif á hann.



HEMILDASKRÁ

Eva Dögg Jóhannesdóttir og Böðvar Þórisson. 2015. *Fuglaathugun ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði*. Unnið fyrir Framkvæmdasýslu ríkisins og Vesturbyggð. NV nr. 11-15.

Hafdís Sturlaugsdóttir. 2014. *Gróður ofan byggðar á Bíldudal*. Unnið fyrir Framkvæmdarsýslu ríkisins og Vesturbyggð. NV 14-14.

Hafdís Sturlaugsdóttir. 2015. *Gróður ofan Sigtúns á Patreksfirði*. Unnið fyrir Framkvæmdarsýslu ríkisins og Vesturbyggð. NV 19-15.

Hörður Kristinsson. 2010. *Plöntuhandbókin: blómplöntur og byrkningar*. Reykjavík: Mál og menning.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999

Náttúrufræðistofnun Íslands. 1996. *Válisti 1 : Plöntur*. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 1997. Gróðurgreining.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2007. Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.

VSÓ Ráðgjöf. 2017. Ofanflóðavarnir á Patreksfirði, Vesturbyggð. Urðagata, Hólar og Mýrar.